

# Íslenska sem annað tungumál – Aðalnámskrá grunnskóla

## 2. stig

### Hlustun

Nemandi ...

- Skilur dagleg samtöl og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt.
- Skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum.
- Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stöðum og skýrum dæmum.
- Hefur öðlast grunnskilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. þrepi (t.d. í náttúru- og samfélagsgreinum).

### Lestur

Nemandi ...

- Getur lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum.
- Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna.
- Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir.
- Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.

### Talað mál

Nemandi ...

- Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings.
- Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið.
- Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.
- Getur flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyranda en gæti þurft að biðja um endurtekningu.
- Getur auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar.
- Getur lýst fólki, stöðum og hlutum

### Ritun

Nemandi ...

- Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna.
- Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.
- Getur svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu
- Getur búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum.
- Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna.
- Hefur grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.